Reykjavík, 26. október 2026

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-210/2026

# Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030

Fyrir hönd Íþróttafræðideildar Háskólans í Reykjavík (HR) þakka ég fyrir tækifærið til að koma að vinnusmiðjunni og nú að veita umsögn. Deildin fagnar skýrri áherslu áætlunarinnar á gæði kennslu, starfsþróun kennara og farsæld barna. Umsögnin beinist að stöðu skólaíþrótta og íþróttakennara, sem deildin menntar og rannsakar. Námsfagið hefur skipað mikilvægan sess í menntun íslenskra ungmenna um langt skeið. Þó eru tækifæri til að gera enn betur á þessu sviði. Með neðangreindum ábendingum og tillögum vil ég undirstrika vægi fagsins.

1. **Um hlutverk skólaíþrótta eða sunds er ekki fjallað í áætluninni.** Í drögunum er íþrótta aðeins getið varðandi tengsl við þátttöku barna í íþrótta- og frístundastarfi.

   Hvorki skólaíþróttir né hreyfing á skólatíma eru nefndar í aðgerðum, þrátt fyrir meginmarkmið um aukna farsæld. Ég sé hlutverk fagsins og aukna almenna hreyfingu innan skóladags barna sem undirstöðuatriði árangursríks skólastarfs. Varðandi hlutverk fagsins til framtíðar skrifaði ég ásamt dr. Aroni Laxdal greinina „Til umhugsunar um framtíð skólaíþrótta“ (Laxdal og Þorgeirsson, 2023).

   Skólaíþróttafagið mun njóta góðs af gagnrýninni umræðu um hlutverk og tilgang þess. Umræðan gæti styrkt réttlætingu fagsins, samstillt fagstéttina og aukið sameiginlegan skilning á markmiðum. Til þess þurfum við sem stöndum að faginu að vekja athygli á því og berjast fyrir viðurkenningu þess. Íþróttafræðideild HR stendur reglulega fyrir viðburðum fyrir starfandi kennara og hefur undanfarin ár einnig staðið að framtaki sem veitir viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsmat í skólaíþróttum og sundi.

   Tillögur að frekari árangri á þessu sviði felast meðal annars í að auka tækifæri til skipulagðrar og frjálsrar hreyfingar á skólatíma. Útfærslur og markmið tækju mið af aldursstigi og aðstöðu á hverjum stað. Vísar að slíkum verkefnum eru til hér heima og gætu til dæmis vel tengst seinkun á byrjun skóladagsins. Í Danmörku og Færeyjum hafa verið sett af stað verkefni með skipulagðri hreyfingu af mikilli ákefð með gleði og inngildingu að leiðarljósi (Meiner o.fl., 2025) og árangurinn er eftirtektarverður (Larsen o.fl., 2018; Olsen o.fl., 2024).

2. **Endurskoðun viðmiðunarstundaskrár (aðgerð 1.8).** Í drögunum er gert ráð fyrir aukinni áherslu á kennslutíma í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Deildin hvetur til þess að tryggt verði að kennslutími í íþróttum og sundi verði aukinn, eða í það minnsta haldist óbreyttur.

   Meiri tími gæfi kennurum færi á dýpri innlögn og endurgjöf til stuðnings því námi sem á að fara fram í tímum. Aukið vægi hreyfingar og hreyfilæsis (e. physical literacy) fer vel saman við áherslur um símafrí í skólum og skólaíþróttafagsins sem vettvangs til að þróa og þroska líkamlega, andlega og félagslega þætti – alla sem einn.

   Faginu er nú þegar þröngur stakkur sniðinn hvað varðar tíma sem nýtist til kennslu. Víða tekur drjúgan tíma að koma sér á milli staða og skipta um föt, nokkuð sem mismikið tillit er tekið til í stundaskrá milli skóla.

3. **Starfsumhverfi og staða íþróttakennara (aðgerðir 1.6, 1.9 og 1.11).** Því miður hefur lítið verið gert á sviði rannsókna á fagi skólaíþrótta og sunds á Íslandi enn sem komið er (Laxdal, 2024). Ný rannsókn meðal 123 íslenskra íþróttakennara (Sakallı o.fl., 2026) sýnir að jaðarsetning þeirra mældist meiri en meðal tyrkneskra starfssystkina og þeir upplifðu síður að þeir skiptu máli. Óskýrt hlutverk og hlutverkaárekstrar spáðu best fyrir um jaðarsetningu.

   Höfundar benda á að gagnlegt væri að gera störf íþróttakennara sýnilegri innan skólastarfsins. Það er á ábyrgð kennaranna sjálfra að gera sig gildandi og skólastjórnenda að skapa þeim aðstæður til þess.

Undirritaður er reiðubúinn til samstarfs um útfærslu aðgerða sem snerta skólaíþróttir, hreyfingu barna og menntun íþróttakennara.

Virðingarfyllst,
dr. Sveinn Þorgeirsson, lektor, Íþróttafræðideild HR
forstöðumaður námslínunnar Íþróttavísindi og kennsla til kennsluréttinda (M.Ed.).

## Heimildir


Larsen, M. N., Nielsen, C. M., Madsen, M., Manniche, V., Hansen, L., Bangsbo, J., Krustrup, P. og Hansen, P. R. (2018). Cardiovascular adaptations after 10 months of intense school-based physical training for 8- to 10-year-old children. *Scandinavian Journal of Medicine & Science in Sports,* 28(Suppl. 1), 33–41. https://doi.org/10.1111/sms.13253

Laxdal, A. (2024). Hvar eru gögnin? Yfirlit yfir rannsóknir á skólaíþróttum á Íslandi á árunum 2013–2023. *Tímarit um uppeldi og menntun, 33*(2), 23–37.

Laxdal, A. og Þorgeirsson, S. (2023, 12. maí). Til umhugsunar um framtíð skólaíþrótta. *Skólaþræðir*. https://skolathraedir.is/2023/05/12/til-umhugsunar-um-framtid-skolaithrotta/

Meiner, C. B., Eckert, C., Aggestrup, C. S., Pfeffer, K., Koch, S., Thøgersen-Ntoumani, C., Ntoumanis, N., Krustrup, P. og Larsen, M. N. (2025). FIT FIRST teen – a cluster RCT evaluating the effects of a 10-week high-intensity exercise intervention for 12–15-yr-old school children. *Journal of Sports Sciences,* 43(15), 1480–1489. https://doi.org/10.1080/02640414.2025.2505380

Olsen, H. W., Sjúrðarson, T., Danielsen, B. B., Krustrup, P., Larsen, M. N., Skoradal, M. B. og Mohr, M. (2024). A 10-week implementation of the FIT FIRST FOR ALL school-based physical activity concept effectively improves cardiorespiratory fitness and body composition in 7–16-year-old schoolchildren. *Frontiers in Public Health,* 12, 1419824. https://doi.org/10.3389/fpubh.2024.1419824

Sakallı, D., Þorgeirsson, S., Einarsson, I. Þ. og Şenel, E. (2026). A cross-national study of physical education teachers' marginalisation, isolation, perceived mattering and professional role stressors in Türkiye and Iceland. *European Physical Education Review*. [Í birtingarferli.]